

Fundur fagraðs um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Selfossi
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	25.10.2017
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>	Henry Alexander Henrysson og Þóra Jónasdóttir		
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Erna Bjarnadóttir, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Dýrmundsson og Ágústa R. Jónsdóttir fundarritari		

Umræða

1. Fundagerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Tekin er fyrir að nýju umsókn sem var áður á dagskrá ráðsins 7. mars s.l. Tilraun sú sem sótt er um snýr að því að kanna smitnæmi tiltekinn sjúkdómsvalda hjá hrognkelsum og löxum. Hrognkelsi eru víða notuð til að hreinsa laxalús af löxum og geta sjúkdómar smitast milli þessara tegunda.
Fagrað hefur kynnt sér umsóknina og telur álag á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagrað veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
 - b. Tekin er fyrir að nýju umsókn sem var áður á dagskrá á síðasta fundi. Tilraun sú sem sótt er um snýr að því að hreinsa helicobacter sýkingar í stökkbreyttum músastofni.
Fagrað hefur kynnt sér umsóknina og telur álag á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagrað veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
3. Þóknun vegna setu í fagraði til. Fundarmenn óska eftir því að þeim verði tryggð þóknun fyrir störf sín í fagraði til samræmis við greiðslur til sambærilegra nefnda og ráða hjá hinu opinbera. Fram kom að sækja þyrfti málið til ráðuneytisins og eðlilegt væri að það kæmi frá þeim aðilum sem tilnefna eiga í ráðið lögum samkvæmt. ÁRJ mun gera drög að bréfi og senda á fagraðsmenn sem þeir geta svo unnið áfram með.
4. Önnur mál:
 - a. Matvælastofnun hefur boðað til fundar með hagsmunaaðilum vegna upptöku á kerfisbundinni áhættuflokkun til ákvörðunar um tíðni eftirlits í frumframleiðslu og dýrahaldi í atvinnuskyni. Fundurinn verður 2. nóvember 2017, kl. 10.00 – 12.00 að Stórhöfða 23, Reykjavík og voru fagraðsmenn hvattir til að mæta.
 - b. Fylaveisla í Mýrdal. Katrín upplýsti um aðferðir við aflifun.
 - c. Ólafur kallaði eftir bættu aðgengi að lögum nr. 55/2013 og reglugerðum settum með stoð í þeim þannig að almenningur ætti auðveldara með að kynna sér löggjöfina í heild í þessum málaflokki, gott væri að geta haft þetta allt í einu skjali. Sigurborg sagðist myndi kanna möguleika á birtingu á heimasíðu MAST þannig að reglugerðir settar með stoð í lögnum birtust undir lögnum, t.d. sem listi með viðeigandi slóð.

- d. Umræða um velferð dýra á sýningum, keppnum og þegar dýr eru gefin. Mynd á forsíðu Bændablaðsins þann 19/10 gefur tilefni til að hafa áhyggjur af þekkingarleysi um meðferð dýra og skorti á fræðslu í þessu samhengi.

Næsti fundur er áætlaður 22. nóvember 2017.
Fundir slitið